

ERASMUS+ VINNUSTAÐANÁM



LEIÐBEININGAR FYRIR ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Vinnustaðanám auðveldar starfsmenntanemum í Evrópu að stíga út á vinnumarkaðinn og öðlast þekkingu, leikni og hæfni í sínu fagi sem mun nýtast í framtíðinni. Ávinningurinn fyrir móttökustofnunina er einnig skýr – þú færð einstakling inn í stofnunina með ferska sýn frá nýju landi og brúar um leið bilið milli atvinnulífs og skóla.

Til grundvallar Erasmus+ vinnustaðanámi liggur samningur, sem hefur verið samþykktur af þátttakanda, heimaskóla og móttökustofnun. Þar skaltu huga að eftirfarandi atriðum sem nauðsynlegt er að séu skýr:

- Kemur fram á hvaða tímabili vinnustaðanámið fer fram?
- Eru verkefni skýrt skilgreind? Kemur fram hvaða hæfni starfsneminn mun auka og hvernig?
- Hvernig er fylgst með að vinnustaðanámið gangi eins og stefnt er að?
- Hvaða stuðningur er til staðar fyrir starfsnemann?
- Hefur starfsneminn leiðbeinanda innan stofnunarinnar?
- Hvernig er fjárhagslegur stuðningi háttað?
- Er ljóst hvernig staðið verði að slysa- og ábyrgðartryggingum?

Hafir þú spurningar skaltu hafa samband við Rannís – Landskrifstofu Erasmus+ á Íslandi:

Tölvupóstur: erasmusplus@rannis.is

Sími: 515 5800

Vinnustaðanám er fyrst og fremst tækifæri til að afla þekkingar og hæfni

Til grundvallar skal ávallt liggja samþykktur samningur

Vinnustaðanámið getur verið ólaunað eða launað

Ólaunaður starfsnemi skal ekki sinna störfum sem launaður starfsmaður hefði annars sinnt

Starfsnemi skal hafa leiðbeinanda innan fyrirtækisins sem skipuleggur vinnustaðanámið og sem starfsneminn getur leitað til

Skýrt ferli skal vera til staðar til að meta árangur af vinnustaðanáminu og bregðast við vandamálum